

REGLUR

um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins árið 1967.

1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. málsg. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðzt við aukningu samkvæmt síðasta ársfjórðungi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör fyrir 1967, gerð í lok 2. ársfjórðungs 1968.

Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um afborganir og útdregin bréf á eyðublaði, sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

2. gr.

Á árinu 1967 skulu öll tryggingafélög, sem lög nr. 17/1964 taka til, kaupa íbúðalánabréf Húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir 25% af fé því, sem félög þessi verja til verðbréfa- og víxlakaupa, annarra en vegna tryggingasjóðs líftrygginga, sbr. þó 3. gr. reglna þessara. Skulu slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfa- og víxlakaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Nú verður tryggingafélag að greiða váttryggingarupphæð hluta, sem orðið hafa fyrir skemmdum, en eignast í staðinn hina skemmdu hluti, og getur þá félagsmálaráðherra heimilað, að víxlar og verðbréf, sem tekin eru upp í greiðslu við sölu slíkra hluta, skuli ekki teljast með við ákvörðun fjárhæðar þeirrar, sem verja skal til kaupa á íbúðalánabréfum samkvæmt 2. gr. Það er skilyrði fyrir slíkri undanþágu, að lán sé ekki veitt til lengri tíma en 18 mánaða.

Tryggingafélög, sem óska eftir undanþágu samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, skulu þegar eftir lok ársfjórðungs, skila skrá um tjón þau, sem um er að ræða, tryggingaupphæðir, söluverð, lánsfjárhæðir og lánstíma.

4. gr.

Nú kemst tryggingafélag, sem hætt hefur útgáfu líftryggingaskirteina hér á landi í greiðsluvandræði vegna þeirra skuldbindinga, sem áður hafa verið lagðar á tryggingasjóð líftrygginga með lögum nr. 17/1964, og endurkaupir Húsnæðismálastofnun ríkisins þá íbúðalánabréf, sem tryggingasjóður líftrygginga hefur orðið að kaupa, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en sem svarar lækkun tryggingasjóðs líftrygginga að frádregnum afborgunum og útdregnum bréfum.

Ákvæði 3. málsg. 4. gr. laganna skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um endurkaup bréfa samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Hafi Húsnæðismálastofnun ríkisins mismunandi tegundir verðbréfa á boðstólum, geta tryggingafélög valið þá tegund, er þau kjósa að kaupa.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 13. desember 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.